

Stefnuræða með fjárhagsáætlun 2008

stefnuræða bæjarstjóra við síðari umræðu

Inngangur.

Frumvarp fjárhagsáætlunar fyrir árið 2008 er hér lagt fram til síðari umræðu 13. desember 2007 og áætlað er að fjárfestingaráætlun til þriggja ára verði lögð fram í bæjarráði á fyrsta eða öðrum fundi þess eftir áramótin og til umræðu í bæjarstjórn í janúar 2008. Lögð er áhersla á ný vinnubrögð við 3ja ára áætlun þannig að áætlunin verði ítarlegri en áður og að samin verði sérstök greinargerð til að fylgja henni úr hlaði.

Breytingar á milli umræðna af hálfu meirihluta eru í 6 liðum á sérstöku blaði sem fylgdi dagskrá bæjarstjórnarfundarins. Einn þeirra liða, þ.e. breytingar launa vegna endurskoðunar á stöðugildum í leik- og grunnskólum var án upphæðar en nettó niðurstaða hans er 1.139 m.kr. Síðan hafa bæst við 8 nýir liðir sem eru útskýrðir sérstaklega á tillögublaði.

Nettó áhrif af breytingartillögum meirihlutans er tekjuaukning að upphæð 15,8 m. kr. sem þýðir að veltufé frá rekstri verður tæpar 190 m.kr. á árinu 2008.

Í þessari stefnuræðu og á sérstöku tillögublaði er gerð grein fyrir breytingum milli umræðna og helstu áhersluatriðum. Að öðru leyti er vísað til stefnuræðu við fyrri umræðu.

Fjárfestingar verða mjög miklar á árinu 2008 eða 457 m.kr. við fyrri umræðu og við það bætast 15 m.kr. nú við síðari umræðu vegna skíðasvæðis og troðara. Af þessari fjárhæð eru 275 m.kr. til að ljúka byggingu nýs kennsluhúsnæðis við Grunnskólann á Ísafirði ásamt því að fjárfesta í tækjabúnaði og innanstokksmunum. Til annarra framkvæmda fara 182 m.kr. en stærstur hluti þeirra framkvæmda er vegna umferðar- og samgöngumála 27 m.kr., vegna fráveitu 14 m.kr., framkvæmda við höfnina 67 m.kr. og aðrar framkvæmdir sem skiptast á ýmsa málaflokka 68 m.kr.

Hér er um gríðarlegar framkvæmdir að ræða hjá Ísafjarðarbæ sem taka til sín verulegt fjármagn meðan á þeim stendur. Í viðbótarbeiðnum í fjárhagsáætlun var óskað eftir 621 m.kr. í fjárfestingar þannig að hér var ekki skorið mikið niður af viðbótarbeiðnum. Enda er verið að fjárfesta í framtíðinni.

Fjárhagsáætlun hefur verið unnin þannig undanfarin ár að bæjarráð ákveður útgjalda- og tekjuramma sem starfsmönnum er falið að vinna eftir. Þannig markar bæjarráð heildarstefnu og felur starfsmönnum að vinna innan þess ramma. Þetta verklag hefur að mati flestra skilað markvissari vinnubrögðum við fjárhagsáætlun Það er rétt að rifja það upp að áður en ákvörðun um að taka upp fjárhagsáætlun með fyrirfram gefnum römmum var tekin hjá Ísafjarðarbæ var reynsla annarra sveitarfélaga skoðuð. Reynsla þeirra var jákvæð og sama má segja hjá Ísafjarðarbæ. Deildarstjórar vinna hver og einn sína áætlun og skila henni inn. Þá gera þeir einnig grein fyrir sínum viðbótartillögum á sérstöku formi. Ekki er gerð krafa um skriflegar greinargerðir þar sem viðbótartillögurnar og lýsingar sem fylgja þeim í styttra formi koma í staðinn. Skoðað verður það fyrirkomulag sem tíðkast í Reykjavík að úthluta fjármagni til skólanna í samræmi við nemendaígildi eins og boðað er í stefnuræðu við fyrri umræðu.

Í samræmi við stefnuræðu við fyrri umræðu verður lögð fram tillaga að verkáætlun fyrir bæjarráð og nefndir við endurskoðun ýmissa atriða í rekstri bæjarins á næsta ári. Hér er

Fjárhagsáætlun 2008 – síðari umræða

um tillögu að ræða sem reiknað er með að bæjarráð taki fyrir á fyrsta fundi sínum á árinu 2008 og móti betur þannig að raunhæf verkáætlun verði til.

Tekjuáætlun.

Forsendur vegna tekjuáætlunar eru óbreyttar. Ekki liggja enn fyrir upplýsingar um breytingu fasteignamats. Endanleg ákvörðun um álagningarprósentu bíður þessara upplýsinga og verður lögð fyrir bæjarráð og bæjarstjórn þegar að því kemur.

Einstakir málaflokkar.

Vísað er til tillagna á sérstöku blaði.

04 Fræðslu- og uppeldismál.

Fjallað er um lækku leikskólagjalda, 4 tíma fría fyrir 5 ára börn og fleira í stefnuræðu við fyrri umræðu.

Stöðugildi í grunnskólum og leikskólum voru yfirfarin og gerðar breytingar til samræmis við ábendingar grunnskólafulltrúa og leikskólafulltrúa. Stöðugildi í leikskólum eru leiðrétt til lækkunar en til hækkunar í grunnskólum. Á listanum um viðbótarverkefni var aukning á stöðugildi á leikskólanum Sólborg fyrir starfsmann sem sinna mun fötludu barni og vegna aukningar á stöðugildis matráðs á leikskólanum Tjarnarbæ. Í frumvarpi til fyrri umræðu var gert ráð fyrir aukningu stöðuheimilda á leikskólanum Laufsási eða að stöðugildi matráðs verði 90% staða í stað áður 70% og að stöðugildi aðstoð í eldhúsi verði 60% staða í stað áður 50%. Að teknu tilliti til leiðréttingar á stöðuheimildum til lækkunar og framangreindra viðbóta stöðugilda lækkar heildarfjöldi stöðuheimilda nettó á leikskólum um 39% ársstöðu (úr 62,31 ársstöður í 61,92 ársstöður). Í frumvarpinu við fyrri umræðu voru stöðuheimildir við grunnskóla, kennarar og aðrir starfsmenn, áætluð alls 86,31 ársstaða en verða eftir breytingar 89,21 eða nettó aukning um 290% ársstöður. Á móti þessari fjölgun stöðuheimilda eru yfirvinnustundir lækkaðar sem ætlaðar voru til að mæta lækkun kennsluskyldu hjá kennurum. Nettó kostnaðaráhrif leiðréttinga á stöðuheimildum er 1.139 þús.kr. aukning gjalda.

Samstarf sveitarfélaga.

Þróun samstarfs sveitarfélaganna á norðanverðum Vestfjörðum heldur áfram og skilar að mati undirritaðs ágætum árangri. Tæknideild Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkur hefur verið rekin sameiginlega á þessu ári í samræmi við samning milli sveitarfélaganna. Áhugi er fyrir því að halda áfram með það samstarf og þróa enn frekar.

Það styrkir þetta búsetusvæði að sveitarfélögin vinni sem mest saman og leiti með þeim hætti hagræðingar og fagmennsku. Með samstarfi er ekki verið að taka sérstaka afstöðu til sameiningar en eftir því sem samstarfsverkefni eru fleiri verður sameining sveitarfélaganna auðveldari ef íbúar ákveða að stíga það skref.

Byrjað verður á næsta ári á jarðgöngum milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur sem mun hafa í för með sér enn frekari samstarfsmöguleika og það er eðlileg krafa okkar sem hér búum að Ísafjörður og Súðavík verði tengd með jarðgöngum sem allra fyrst.

Eftirmáli.

Þrátt fyrir töluverðar breytingartillögur frá meirihlutanum er nettó niðurstaðan af þeim breytingum tekjuaukning fyrir Ísafjarðarbæ. Samt er ekki reiknað með tekjum vegna mótvægisáðgerða en búið er að ákveða 750.000.000 kr. til bæjar- og hafnarsjóða á árunum 2007-2009 sem verða fyrir þorskaflaskerðingu.

Miklar framkvæmdir eru í fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2008 þar sem stórverkefninu nýbygging við Grunnskólann á Ísafirði á að ljúka ásamt því að ráðist er í stór verkefni á öðrum sviðum, s.s. í hafnarmálum. Þá er nýtt stórverkefni sett af stað en það er hönnun nýrrar sundlaugar og íþróttamiðstöðvar á Torfnesi.

Ísafjarðarbær leggur sitt á vogarskálarnar til að auka atvinnu og vega upp á móti áhrifum af þorskaflaskerðingu. Það kemur fram í lækkun gjalda hjá Höfnum Ísafjarðarbæjar, gjaldfrjálsum almenningsamgöngum, lækkun leikskólagjalda og fjórum tímum gjaldfrjálsum fyrir 5 ára börn.

Það kemur fram í því að 457 m.kr. eru ætlaðar í framkvæmdir á árinu 2008. Að auki er framlag ríkisins í hafnarframkvæmdum og snjóflóðavörnum þannig að umsvifin eru vel yfir hálfan milljarð beint vegna framkvæmda bæjarins. Að auki munu nágrannasveitarfélögin standa í töluverðum framkvæmdum og svo er ríkið í vegagerð og jarðgangagerð á svæðinu. Þannig er hægt að fullyrða að fjárfestingar á norðanverðum Vestfjörðum hafi sjaldan eða aldrei verið jafnmiklar og þær verða á árinu 2008. Því fylgja fjölmörg tækifæri sem samfélagið verður að nýta sér. Því fylgir fjölgun starfa bæði beint og óbeint. Eðlilegt er að álykta að vegna mikilla umsvifa muni einkaaðilar standa einnig í framkvæmdum, t.d. við nýbyggingar í Tunguhverfi á Ísafirði og víðar.

Þessu til viðbótar er unnið að hugmyndum um vatnsátöppun á Ísafirði, olíuhreinsunarstöð sem mögulega verður í Vesturbyggð eða í Ísafjarðarbæ.

Búið er að samþykka 85 ný störf skv. Vestfjarðaskýrslu sem Ísafjarðarbær knúði á um við stjórnvöld að yrði unnin. Þau störf eru að verða til um þessar mundir og eiga að verða til á árunum 2007-2009. Það reynir verulega á ríkisstjórnina að standa við hvert starf í þessari skýrslu og öll þau fyrirheit sem gefin hafa verið um eflingu sveitarfélaga og landsbyggðarinnar. Við munum fylgja þeim fyrirheitum eftir af fullum þunga og sjá til þess að allt gangi eftir þó stundum hlaupi stífla í kerfið eins og núna við vinnslu fjárlaga Alþingis, þar hefur vaktin verið staðin af okkar hálfu eftir bestu getu en alltaf er hætt við að eitthvað verði eftir. Ekki endilega vegna þess að Alþingi og ríkisstjórn ætli sér ekki að gera hlutina heldur ekki síður vegna misskilnings og álags. Þegar fyrir liggur hvernig unnið hefur verið úr fjárlagabeidnum munum við fara yfir það og óska eftir leiðréttingum í fjárukalögum og í fjárheimildum stofnana svo allt gangi eftir.

Til viðbótar við störf í Vestfjarðaskýrslu hefur verið samþykkt að flytja hingað 6-8 störf á vegum Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Í fjárhagsáætlun bæjarins er gert ráð fyrir fjölgun starfa hjá Ísafjarðarbæ og hefur þeim þá fjölgað um 34 síðan árið 1998 hjá bænum.

Ýmsir sprotar eru að dafna vel hér í samfélaginu. Með samþykkt fjárhagsáætlunar Ísafjarðarbæjar er sprotunum fjölgað og enn betur hlúð að þeim. Með samningi við

Fjárhagsáætlun 2008 – síðari umræða

sjálfstæðan atvinnuráðgjafa er stefnt að 100 nýjum störfum á næstu tveimur árum. Þau störf eru til viðbótar við upptalninguna hér að ofan.

Við erum að tala um tækifæri hér í samfélaginu. Tækifæri sem við þurfum öll að leggjast á eitt um að kynna og nýta okkur. Við þurfum á fleira fólki að halda til að vinna öll þau verk sem nefnd hafa verið.

Við erum að takast á við breytta atvinnuhætti þar sem störfum hefur fækkað í sjávarútvegi en í staðinn er þeim að fjölga í öðrum greinum atvinnulífsins. Við erum að ná árangri og eigum að segja landsmönnum frá því - snúum réttu hliðinni að þeim og íbúum okkar – björtu hliðinni. Þannig náum við frekar til okkar nýjum íbúum og höldum okkar fólki betur í þessu mannvæna samfélagi.

Ég þakka bæjarfulltrúum, nefndafólki og starfsfólki fyrir samstarfið við vinnu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2008.

Ísafjarðarbæ, 13. desember 2007.

Halldór Halldórsson

- bæjarstjóri -